

Terra umhverfisþjónusta hf.
Berghellu 1
Hafnarfjörður 220
Ísland]

22. september 2026, Reykjavík
UOS-3282

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávika í eftirliti

Umhverfis- og orkustofnun vísar í bréf sitt frá 22. júní 2026 þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Terra umhverfisþjónusta hf., Berghellu þann 20. maí 2026. Þann 14. október 2026 barst uppfærð úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

Frávik frá	Lýsing á fráviki	Staða á fráviki
gr. 4.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 20. maí 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi <i>Rekstraraðili skal vakta frárennslisvatn samkvæmt mæliáætlun í starfsleyfi. Mælingar 2025 voru ekki fullnægjandi. Taka skal sýni úr úttaki olíuskilju og það vantar niðurstöður vegna rennslis, hitastigs, selen (Se), títan (Ti), barium (Ba), beryllíum (Be), bór (B), úran (U), vanadium (V), kóbalt (Co), þallíum (Tl), tellúr (Te) og silfur (Ag).</i>	Lokað
Tillögur rekstraraðila:	Terra tók árlegt sýni 24. ágúst og lét greina alla mælipætti starfsleyfisins. Niðurstöður sýna öll efni innan marka gr. 4.3, þ.m.t. leiðni, pH og hitastig. Bór (B) vantar enn. Magnskráning við hverja tæmingu telst fullnægjandi rennslismæling í þessu lokaða fráveitukerfi, þar sem losun fer fram í skömmtum en ekki samfellt. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að Terra getur farið fram á	

	að tíðni mælinga verði breytt með formlegri, skriflegri beiðni til stofnunarinnar, sbr. gr. 2.8.	
gr 4.2 í starfsleyfi	Frávikið var skráð: 20. maí 2026 Mælingar eða útreikningar á mengunarefnum ekki fullnægjandi <i>Rekstraraðili skal vakta innihald söfnunarþróa fyrir hverja tæmingu ef grunur leikur á að spilliefni hafi borist í söfnunarþró. Við eftirlit 20. maí 2026 kom í ljós að spilliefni berast reglulega í söfnunarþró án þess að innihald söfnunarþróa hafi verið mælt.</i>	Opið
Tillögur rekstraraðila:	Terra áætlar að um 170 kg af spilliefnum berist árlega með skolvatni frá þvottaplani. Í stað þeirra fjögurra leiða sem UOS lagði til, leggur Terra til pokakerfi í spilliefnakör. Pokakerfið felst í því að spilliefnakör eru klædd sterkum plastpokum (svokölluðum brettahettum) áður en þau eru tekin í notkun til söfnunar spilliefna, sem er samskonar og hjá öðrum rekstraraðilum á Íslandi. Þegar kör hafa verið móttækin og flokkað hefur verið upp úr þeim er pokinn fjarlægður ásamt þeim efnum sem kunna að hafa lekið úr umbúðum og safnast fyrir í honum á botni karsins. Þannig kemst leki aldrei í snertingu við karið sjálft, og einungis þarf að skola úr því óveruleg, almenn óhreinindi. Samhliða upptöku pokakerfis leggur Terra fram að reglulegar mælingar verði gerðar úr söfnunarþró. Útreikningar Terra staðfesta að spilliefni berast reglulega í þróna, sem er einmitt forsenda frávíksins. Lágur mældur styrkur skýrist af þynningu — um 1,7 milljón lítrar renna árlega um þróna á móti þessum 170 kg — og breytir því ekki niðurstöðunni; þynning spilliefna er auk þess almennt óheimil. Umhverfis- og orkustofnun fellst á pokakerfið sem meginlausn, enda nái það til allra spilliefnakara sem berast frá viðskiptavinum, og að sýni verði tekin annan hvern mánuð í tólf mánuði. Niðurstöður skulu ekki sendar jafnóðum heldur birtast sem yfirlit í ársyfirliti Terra, með þeim mælingum sem lokið er hverju sinni. Terra skal einnig skrá fjölda kara þar sem poki reynist rofinn eða lekur, sem raunverulegan mælikvarða á árangur. Terra skal skila formlegri verklýsingu skv. gr. 2.9 (kröfur til pokanna, verklag við leka, förgun og tímasett innleiðing) fyrir 12. október 2026. Yfirlit yfir framkvæmdar mælingar og leka-/pokaskráningu skal fylgja ársyfirliti Terra. Forsenda er að pokakerfið verði tekið upp og mælingar	

	framkvæmdar samkvæmt framangreindu. Árangur af pokakerfinu verður metinn með rekstraraðila í næsta eftirliti.
--	---

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits

Freyr Ævarsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits